

Snæfellsnes verði mögulega UNESCO Man and Biosphere svæði

Miðvikudaginn 12. apríl síðastliðinn hélt Svæðisgarðurinn Snæfellsnes í samstarfi við Þjóðgarðinn Snæfellsjökul vel heppnað málþing í nýju Þjóðgarðsmiðstöðinni á Hellissandi. Til umfjöllunar á ráðstefnunni var UNESCO Man and Biosphere verkefni á vegum Sameinuðu þjóðanna sem vonir eru um að Snæfellsnes verði hluti af. Man and Biosphere svæði búa yfir náttúruminum og vistkerfum sem hafa mikla sérstöðu og alþjóðlegt verndargildi en nú þegar hafa yfir 700 svæði í 124 löndum uppfyllt skilyrði til að komast í þennan hóp. Á þessum svæðum er unnið eftir samfélagsáttmála milli atvinnulífs, íbúa og stjórnsýslueininga og er þetta vettvangur fyrir miðlun þekkingar og fræðslu um sjálfbæra nýtingu auðlinda og samfélagslega þátttöku. Snæfellingar kalla slík svæði Vistvang en til að uppfylla skil-



yrðin og verða fyrsta UNESCO Man and Biosphere svæðið á Íslandi þarf að sýna fram á stjórnaráætlun, breiða þátttöku samfélagsins og áætlun um fræðslu og rannsóknir.

Á málþinginu hófu þátttak-

endur daginn á rútuferð með sögufylgd frá Gestastofu Þjóðgarðsins, þaðan var farið í súpu að hætti Rúnars Marvínssonar og að lokum fór ráðstefna fram í Gestastofu Þjóðgarðsins á Hellissandi þar sem Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hélt opunaræðu. Þá héldu Dr. António Abreu frá Portúgal, Ragnhildur Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Svæðisgarðsins Snæfellsness, Hákon Ásgeirsson, þjóðgarðsvörður í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli, Dr. Bjarni Diðrik Sigurðsson, prófessor við

Landbúnaðarháskóla Íslands, Mario Antunes frá Portúgal, Einar Á. E. Sæmundsen, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum og Cristina Abreu frá Portúgal erindi og Dr. Margrét Jónsdóttir Njarðvík, rektor í Háskólanum á Bifröst sá um fundarstjórn. Drifkraftur einkennir samfélagið á Snæfellsnesi sem vill áfram vera leiðandi á sviði samstarfs og umhverfismála. Vilji er til þess frá heimamönnum að Snæfellsnes verði fyrsta UNESCO Man and Biosphere svæðið á Íslandi.

SJ



Bifreiðaverkstæði Ægis.
Rífl. S-4366677
Betra fyrir bílinn

FISKMARKAÐUR ÍSLANDS

Sími: 430 3700
www.fmis.is

CERTIFIED SUSTAINABLE SEAFOOD MSC www.msc.org

Lions gaf EKG tæki á Jaðar

Dvalarheimilið Jaðar fékk á dögnum afhent tæki til þess að taka hjartalínurit. Heimilið fékk tækið að gjöf frá Lionsklúbbi Ólafsvíkur. Hjartalínurit (e. electrocardiogram eða ECG/EKG) er skráning á því hvernig rafboð berast um hjartavöðvann. Með því má greina margs konar

vandamál eins og til dæmis skert blóðflæði til hjarta og gáttatif (e. atrial fibrillation). Á myndinni er Kristján Helgason, meðlimur í Lionsklúbbi Ólafsvíkur, en hann fékk þann heiður að prófa tækið á dögnum. Sambærilegt tæki er til á Heilsugæslu Snæfellsbæjar og þurfti því að alltaf flytja

einstaklinga þangað þegar grunur vaknaði um sjúkdóm. Tækið bættir þjónustu við íbúa heimilisins og hefur nú þegar gagnast þeim töluvert. Umsjónarmenn heimil-

isins vilja koma þökkum á framfæri fyrir þessa frábæru viðbót við tækjasjóðinn.

JJ



Getraunir 1x2

Þegar úrslit eru samkvæmt bókinni, eins og sagt er, það er að liðin, sem eru ofar á töflunni eða á svipuðum slóðum, vinna þau, sem eru neðar eða áberandi lakari, þá eru yfirleitt margir, sem hitta á rétt úrslit og vinningar þá lægri. Það gerðist einmitt um síðustu helgi. Til dæmis að fyrir 11 rétt úrslit af 13 mögulegum, sem komu upp í okkar hópi, var vinningur aðeins 440 krónur. Okkar spekingar, það er þeir sem fylltu út kerfiseðilinn að þessu sinni, ákváðu að taka áhættu og giska á óviss úrslit, sem algjörlega misheppn-

aðist, þar sem úrslit urðu eins og áður segir, samkvæmt bókinni og niðurstaðan því sú lakasta í vetur hjá hópnum. Niðurstaðan er sú að, hófsemi er dyggð! Litlir vinningar telja líka. Annars er aðal markið hópsins að styðja Víking. Um leið og við óskum öllum velunnurum gleðilegs sumars, minnum við á að við verðum í Áttahagastofunni á laugardaginn á milli 11.00 og 12.00 með kaffi á könnunni.

Áfram Víkingur.



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði,

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is


Sími: 436 1617

**TÖKUM AÐ OKKUR
ALLA MALBIKSVINNU**
- stóra sem smáa -

Verðum á Snæfellsnesi 20.07 – 05.08
Allar upplýsingar veita
Baldvin s: 896 5332 og Jón s: 854 2211

MALBIKUN
AKUREYRAR

Tilboðs fyrirspurnir

 **854 2211**

Óseyri 18 - Malbikun.is - jon@malbikun.is



Vilt þú hafa áhrif?

Deloitte í Snæfellsbæ leitar að öflugum og drífandi einstaklingi í spennandi og krefjandi starf bókara og launafulltrúa á sviði Viðskiptalausna. Viðskiptalausnir bjóða viðskiptavinum hérlandis og erlendis m.a. upp á sjálfvirknivæðingu á fjármálaferlum, bókhalds-, launa- og reikningshaldsþjónustu, rekstrargreiningu og aðra ráðgjöf á sviði fjármálaferla.

Í starfi þínu gæti hefðbundinn vinnudagur lítið svona út:

- Umsjón með fjárhagsbókhaldi, launavinnslu og skýrslugerð til stjórnenda
- Vinna að tilfallandi verkefnum fyrir viðskiptavinum
- Almenn skrifstofustörf
- Stuðningur við markaðssókn og fylgjast með spennandi tækifærum
- Þátttaka í gæðaferlum

Teymið þitt hjá Deloitte:

- Samanstendur af fjölbreyttum hópi starfsfólks
- Er á ólíkum aldri og með ólík áhugamál
- Vinnur náið saman
- Styður hvert annað til að þroskast og þróast í starfi

Bakgrunnur þinn og reynsla:

- Reynsla af bókhaldi, uppgjörum og/eða launavinnslu, kostur en ekki skilyrði
- Reynsla af DK launakerfi, Business Central launakerfi, H3 eða Kjarna
- Viðurkenndur bókarari, kostur en ekki skilyrði
- Góð færni í Excel
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni, jákvæðni og rík þjónustulund

Vilt þú hafa áhrif? Hjá Deloitte skiptir þitt framlag máli því saman, sem ein heild, vinnum við að því að hafa áhrif á viðskiptavinum, samstarfsfélaga og samfélag. Þú færð tækifæri til að taka þátt í fjölbreyttum verkefnum þvert á svið, starfsstöðvar og lönd, auka hæfni þína og færni og hafa góðan stuðning til vaxtar og þróunar í starfi.

Tekið er á móti umsóknum í gegnum heimasíðu Deloitte, deloitte.is, til og með **26. apríl 2023**. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar veita Marinó Mortensen, yfirmaður Deloitte í Snæfellsbæ, mamortensen@deloitte.is, og Harpa Hrund Jóhannsdóttir, mannauðssviði, hjohannsdottir@deloitte.is.

Uppbygging við Ytri Tungu fékk styrk

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða hefur birt 28 verkefni sem hljóta styrk úr sjóðnum í ár. Heildarupphæð úthlutaðra styrkja er 550 milljónir króna. Lilja Dögg Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra, tilkynnti um úthlutunina í Vík í Mýrdal í síðustu viku. Eitt þeirra verkefna sem fékk styrk er innviðaupbygging, náttúruvernd og öryggismál í Selafjöru við Ytri-Tungu á Snæfellsnesi. Verkefnið hlaut 15,5 milljón króna styrk. Framkvæmdasjóðurinn fjármagnar framkvæmdir á ferðamanna-

stöðum og ferðamannaleiðum. Sjóðurinn styrkir framkvæmdir sem snúa að öryggi ferðamanna, náttúruvernd og uppbyggingu auk viðhaldi og verndun mannvirkja. Í ár bárust 101 umsókn um styrki en Stjórn Framkvæmdasjóðsins lagði til að alls 28 verkefni yrðu styrkt að þessu sinni, 24 voru ekki taldar uppfylla formkröfur sjóðsins eða falla utan verksvið hans. Framkvæmdir við Selafjöru eru nú þegar hafnar og mun þessi styrkur án efa nýttast vel í framhaldinu.

JJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Jökull á Issuu



Til að nálgast Jökul á netinu er hægt að skanna QR merkið hér að ofan með myndavélinni í símanum.

Fiskmarkaður Snæfellsbæjar opnar útibú á Sauðárkróki

Fiskmarkaður Snæfellsbæjar hefur opnað nýtt útibú á Sauðárkróki sem rekið verður undir nafninu Fiskmarkaður Sauðárkróks. Fiskmarkaður Snæfellsbæjar var stofnaður árið 2015 í Ólafsvík en hefur vaxið hratt á undanförunum árum og selur fisk frá Snæfellsbæ, Grundarfirði, Tálknafirði, Akranesi og Sauðárkróki. Nú hefur nýtt og rúm-gott húsnæði verið tekið í notkun á Sauðárkróki á Sandeyrinni sem var formlega opnað við hátíðlega athöfn laugardaginn 15. apríl. Sigfús Ingi Sigfússon, sveitarstjóri Skagafjarðar, Andri Steinn Benediktsson, framkvæmdastjóri Fiskmarkaðs Snæfellsbæjar og Þorsteinn Bárðarson, stjórnarformaður Fiskmarkaðs Snæfellsbæjar tóku til máls, Eysteinn Ívar Guðbrandsson spilaði notalega tónlist fyrir gesti og Kaffi Krókur og Sauðárkróksbakarí sáu um veitingarnar. Í tilkynningu frá Fiskmarkaði Snæfellsbæjar segir að nú hafi markaðurinn heim-



sótt Sauðárkrók í síðasta sinn sem gestir þar sem framtíðarhúsnæðið á svæðinu sé nú tilbúið, þetta sé stór og spennandi áfangi fyrir fyrirtækið.

SJ

 Jökull Bæjarblað
 steinprent@simnet.is
 436 1617

DVALAR OG HJÚKRUNARHEIMILIÐ

Fellaskjól

Starfsfólk óskast í sumarafleysingu.

Dvalar- og hjúkrunarheimilið Fellaskjól óskar eftir að ráða fólk til starfa í umönnun á þægilegum og skemmtilegum vinnustað yfir sumartímann. Um er að ræða vaktavinnu. Mikilvægt er að umsækjendur hafi góða samskipta hæfni, metnað fyrir starfinu, smá sveigjanleika og sé samvinnufús. Frekari upplýsingar er hægt að fá í gegnum vefpóst fellaskjol@simnet.is

Staff wanted for the summer.

The nursing home Fellaskjól is looking for caregivers to join an easy going and cheerful workplace for the summer. The job consists of shift work and applicants must have good communication skills, ambition for the job, some flexibility and able to work cooperatively. For more information, please contact fellaskjol@simnet.is

Poszukiwany pracownik na lato.

Dom opieki Fellaskjól poszukuje opiekunów do spokojnego i radosnego miejsca pracy na lato. Praca ta, jest pracą zmianową, a kandydaci muszą mieć dobre umiejętności komunikacyjne, ambicję do pracy, pewną elastyczność i zdolność do współpracy. Aby uzyskać więcej informacji, prosimy o kontakt pod adresem fellaskjol@simnet.is



Starfsmaður óskast í Smiðjuna

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga auglýsir laust til umsóknar tímabundið starf í Smiðjunni í Ólafsvík, dagþjónustu fyrir fólk með skerta starfsgetu.

- Um er að ræða 100% stöðugildi á dagvinnutíma.
- Félagsliða- stuðningsfulltrúanam eða annað nám og reynsla er nýttist í starfinu æskilegt en þó ekki skilyrði.
- Smiðjan er reyklæus vinnustaður
- Laun skv. kjarasamningi sveitarfélaganna og viðkomandi stéttarfélags.
- Umsækjandi þarf að geta hafið störf frá og með **16. ágúst n.k.**
- Starfið er tímabundið vegna barneignarleyfis.

Frekari upplýsingar veitir Þórheiður E. Sigurðardóttir, forstöðuþroskaþjálfari Smiðjunnar.

Skriflegar umsóknir er tilgreini menntun og fyrri störf ásamt sakavottorði og nánfrum 2ja umsagnaradilla berist á skrifstofu Smiðjunnar Ólafsvíkur 19, 355 Ólafsvík eða á netfangið thorheidur@fssf.is

Umsóknareyðublið má fá á heimasíðunni www.fssf.is

Umsóknarfrestur er til **12. maí 2023**

Aflafréttir

Dagana 10. til 16. apríl var landað alls 287 tonnum í 31 löndun í höfnum Snæfellsbæjar þar af var landað 171 tonni í 21 löndun í Ólafsvíkurhöfn, 108 tonnum í 8 löndunum í Rifshöfn og 18 tonnum í 2 löndunum á Arnarstapa. Góð veiði hefur verið hjá línu bátunum sem hafa róið á steinbít norður undir bjarg og eru þrír efstu hjá litlu línu bátunum þeir bátar sem voru þar. Kristinn HU landaði Kristinn HU 53 tonnum í 3, Tryggvi Eðvarðs SH 42 tonnum í 2, Sverrir SH 34 tonnum í 4, Stakkhamar SH 18 tonnum í 2, Lilja SH 16 tonnum í 2 og Indriði Kristins BA 9 tonnum í 1 löndun. Þess má geta að Sverrir SH landaði þann 12. apríl 15,4 tonnum í einni löndun og þann 15. apríl landaði Tryggvi Eðvarðs SH 19,3 tonnum og Kristinn HU 21,3 tonnum 14. apríl. Tveir drag-nóta bátar lönduðu þessa daga Patrekur BA landaði 17 tonnum í 1 löndun og Esjar SH landaði 4 tonnum í einni löndun. Tveir grásleppubátar lönduðu Hjördis SH sem landaði 10 tonnum í



6 og Rán SH sem landaði 6 tonnum í 4 löndunum. Magnús SH er á netum og landaði 88 tonnum í 5 löndunum.

Þessa sömu daga var landað 292 tonnum í 4 löndunum í Grundarfjarðarhöfn. Botnvörpu-bátarnir Farsæll, Hringur og Sigurborg lönduðu í vikunni, Farsæll SH 90 tonnum í 1, Hringur SH 107 tonnum í 2 og Sigurborg SH 95 tonnum í 1 löndun, alls 292 tonnum í 4 löndunum.

PA

Skilafrestur í Jökul

Efni og auglýsingum í Jökul þarf að skila fyrir kl. 16, þriðjudag fyrir útgáfu.

Það er í lagi að skila fyrir.

Upplýsingar um auglýsingaverð á www.steinprent.is

Leiðbeiningar fyrir móttöku skemmtiferðaskipa

Áfanga- og markaðssvið Samtaka Sveitarfélaga á Vesturlandi hefur nú hafið vinnu við þróun og gerð leiðbeininga vegna móttöku skemmtiferðaskipa og skipafarþega fyrir byggðir á Snæfellsnesi. Samstarfsaðilar verkefnisins eru Stykkishólmsbær, Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær, Snæfellsjökulspjóðgarður og AECO (Samtök skemmtiferðaskipa á norðurslóðum). Markmiðið verkefnisins er að efla skilning og samstarf hagaðila skipaferðaþjónustu og heimafólks á Snæfellsnesi svo að samfélagið njóti ávinnings, gestirnir njóti heimsóknarinnar og náttúra og umhverfi beri ekki skaða af. Með verkefninu er verið að stilla saman strengi og útbúa leiðbeiningar fyrir öll þjónustusvæði en um leið móta sam-eiginlega sýn til þess að hafa að leiðarljósi við móttöku skemmtiferðaskipa og skipafarþega á Snæfellsnesi. Opinn kynningarfundur



verður á afurðum verkefnisins 30. maí en nánari upplýsingar um verkefnið má sjá með því að skanna QR-kóðann sem fylgir fréttinni. Meðfylgjandi mynd tók Sv

ir Karlsson síðastliðið sumar af tveimur skemmtiferðaskipum sem heimsóttur Grundarfjörð á sama tíma.

JJ



Lokað vegna fræðsluferðar starfsfólks



Ráðhús Snæfellsbæjar verður lokað föstudaginn 21. apríl og mánudaginn 24. apríl vegna

fræðsluferðar starfsfólks. Ráðhúsið opnar aftur kl. 10:00 þriðjudaginn 25. apríl.

Stjarnan sigraði Meistarakeppni KSÍ



Öflugar fótboltastelpur úr Snæfellsbæ halda áfram að gera góða hluti en þær Sædis Rún Heiðarsdóttir og Eyrún Embla Hjartardóttir halda áfram á toppnum. Mánudaginn 17. apríl lagði meistaraflokkur kvenna í Stjörnunni Val að velli eftir vítaspyrnukeppni í Meistarakeppni KSÍ sem fór fram á Origo vellinum á Hlíðarenda. Staðan að loknum venjulegum leiktíma var 0-0 en farið var beint í vítaspyrnukeppni og endaði leikurinn 4-3 fyrir Stjörnunni. Þar með varð Stjarnan sigurvegari í

Meistarakeppninni 2023 en þetta er annar titill liðsins í vetur. Liðið varð einnig Lengjubikarmeistari kvenna í knattspyrnu eftir leik sem endaði í vítaspyrnukeppni, þá við Þór/KA á Samsung vellinum í Garðabæ. Það verður spennandi að fylgjast með liðinu og stelpunum okkar í Bestu deildinni í sumar en fyrsti leikur sumarsins er einmitt við Þór/KA á Samsung vellinum miðvikudaginn 26. apríl. Myndina tók Kristinn Steinn Traustason.

SJ



Við bjóðum upp á alhliða bílaviðgerðir, dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímamantanir í síma 436-1111

Fulltrúar Grundarfjarðar í Stóru upplestrarkeppnina



Á hverju hausti fer fram Stóra upplestrarkeppni 7. bekkjar sem nemendur 7. bekkjar hafa mörg hver verið mjög spennt fyrir. Hver skóli á Snæfellsnesi heldur þá keppni innanhúss fyrst þar sem valið er þrjá aðila sem keppa fyrir hönd hvers skóla í Stóru Upplestrarkeppninni sem er farandskeppni og skiptast sveitarfélögin á að halda keppnina. Áður var keppnin í höndum Radda en fyrir tveimur árum breyttist fyrirkomulagið og er lokakeppnin nú í höndum sveitarfélögunna sjálfra. Upplestrarkeppni 7. bekkjar innan Grunnskólans í Grundarfirði fór fram þann 29. mars síðast-

liðinn. Þar stóðu nemendur sig allir með þryði og greinilegt að mikill metnaður fór í æfingar. Fanney Lilja Sveinsdóttir var í 1. sæti, Einir Hugi Guðbrandsson var í 2. sæti og Krista Rún Þrastardóttir í 3. sæti. Dórnafndina skipuðu þau Ólafur Ólafsson íþróttafulltrúi, Herdís Björnsdóttir skólaritari og Linda María Nielsen aðstoðarskólastjóri Tónlistarskóla Grundarfjarðar. Upplestrarkeppni Grunnskóla Snæfellsbæjar fer svo fram mánudaginn 24. apríl og lokakvöldið verður í Ólafsvíkarkirkju fimmtudaginn 27. apríl.

JJ



Tónleikar Vináttu á Jaðri



Vináttu er hljómsveit sem var stofnuð nýverið í Snæfellsbæ. Meðlimir hljómsveitarinnar eru þau Valentína Kay, Evgeny Makeev, Sveinn Þór Elinbergsson og Þorsteinn Jakobsson. Fyrstu tónleikar fjórmenninga voru á Dvalarheimilinu Jaðri

síðastliðinn föstudag þegar þau spiluðu gömul og góð lög við góðar undirtektir. Vigfús K. Vigfússon og Bjarni Ólafsson tóku einnig eitt lag með bandinu sem vakti mikla lukku.

JJ



Kvöldmessa Grundarfjarðarkirkju

sunnudaginn
23. apríl kl. 20.00

Velkomin öll og alltaf



Hver útgerð getur bara gert út einn bát

Í tilkynningu á vef Fiskistofu kemur fram að á komandi strandveiðivertíð sem hefst 1. maí munu umsóknir um strandveiðileyfi fara í gegnum stafræna umsóknargátt á island.is.

Sótt er um með rafrænum skilríkum og strandveiðileyfið er gert aðgengilegt í stafrænu pósthólfu umsækjanda á island.is. Í tilvik lögaðila eru það prókúruhafar sem geta sótt um strandveiðileyfi með rafrænum skilríkjum. Opn að verður fyrir umsóknir þegar reglugerð um strandveiðar verður gefin út.

Fiskistofu er einungis heimilt að veita útgerð eða eiganda fiskiskips leyfi til strandveiða fyrir eitt skip. Áður en Fiskistofa veitir strandveiðileyfi þarf því að ganga úr skugga um að enginn eigandi eða útgerðaraðili lögaðilans eigi aðild að nema einu strandveiði-

leyfi.

Fiskistofa styðst við opinberar upplýsingar um eigendur og útgerðaraðila skipa hjá Fiskistofu, Samgöngustofu og skráningu raunverulegra eigenda lögaðila hjá Fyrirtækjaskrá Skattsins. Þeir sem hyggjast sækja um strandveiðileyfi eru hvattir til að huga að því að opinberar skráningar á eignarhaldi og útgerðaraðild skips séu réttar.

Afgreiðsla strandveiðileyfis getur tafist ef opinberar upplýsingar sýna ekki fram á eignarhald þeirra aðila sem eiga eða gera út skip þar sem Fiskistofa mun þurfa að taka þau tilvik til sérstakrar skoðunar með tilheyrandi gagnaöflun.

Hægt verður að sækja um með öðrum hætti en í gegnum stafræna umsóknargátt island.is en afgreiðsla slíkra umsókna getur tekið allt að fjóra daga.



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Þétur Kristinsson hdl.
lögiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



Leikskólakennarar óskast til starfa

Leikskóli Snæfellsbæjar auglýsir lausar stöður leikskólakennara á Leikskóla Snæfellsbæjar, Kríubóli. Um 100% störf er að ræða frá 10. ágúst 2023. Vinnutími er frá 8:00 – 16:00.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf kennara, lög nr. 95/2019 og/eða
- Leikskólakennararéttindi

Viðkomandi þarf að búa yfir:

- Góðri íslenskukunnáttu
- Áhuga, reynslu og hæfni í starfi með börnum
- Góðum samskiptahæfileikum
- Jákvæðni, frumkvæði og góðum samstarfsvilja
- Góðri færni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæðum og skipulögðum vinnubrögðum
- Hreinu sakarvottorði

Umsóknarfrestur til 1. maí 2023.

Upplýsingar veita Hermína K. Lárusdóttir og Linda Rut Svansdóttir í síma 433 6926 til kl. 14:00 alla virka daga.

Frekari upplýsingar um starfið má finna á vef Snæfellsbæjar, snb.is.